

2. Svæðisráðstefna Freyjusvæðis.

Haldin í Safnahúsinu að Görðum Akranesi 24.mars 2012

Svæðisstjóri setti fund kl.10:00 og var fundarstjóri.

Fundarmenn kynntu sig .

Mættir vor fulltrúar allra starfandi klúbba í svæðinu: 2 frá Básam ,2 frá Elliða auk jörsvæðisstjóra, 2 frá Esju, 2 frá Geysi. 2 frá Heklu , 3 frá Höfða, 1 frá Jöklum, 3 frá jörfa, 5 frá Kötlu auk Svæðisstjóra og ritara og 6 frá Þyrli. Einnig sat umdæmisstjóri ráðstefnuna.

Lesin fundargerð fyrstu ráðstefnu sem haldin var 12.nóv 2011, var hún samþykkt .

flutti Svæðisstjóri sína skýrslu og að henni lokinni forsetar eða fulltrúar þeirra skýrslur klúbba. Svæðisstjóri þakkaði góðar skýrslur ,einkum hve margar B-skýrslur fylgdu, en þeim hefur fjölgað rá síðustu ráðstefnu, á B skýrslu kemur m.a. fram fundarsókn, heimsóknir og styrkveitingar.

Á tók til máls umdæmisstjór i Ragnar Örn Pétursson þakkaði hann góðar skýrslur og hvað men væru orðnir færir í að stytta mál sitt. Lýsti hann ánægju sinni með starfið í hreyfingunni , reytingarnar á svæðaskiptingunni hefðu tekist vel einkum hefði vel tekist hjá Færeyjngum en ið er að þíða á Færeysku allt fræðsluefni og lög. Enginn hætta er lengur á að Umdæmið missi fstaði sitt en hætta var sögð á því í haust. Eins sagði hann að upp hefði komið hugmynd um að svæðin kæmu sér upp fjarfunda búnaði svo menn þyrftu ekki að sækja svæðisráðstefnur um langan veg. þetta væri ekki ásættanlegt og yrði ekki samþykkt .

Í Tryggingarsjóði eru 700 félagar af 960, ákveðið er að á umdæmisþingi verði ekkert annað á gskrá á meða fudur Tyggingarsjóðs stendur og er óskað eftir að allir fylgist með honum, hvatti an alla sem mögulega gætu að sækja þingið en þá verða tímamót þegar fyrsta konan tekur við em Umdæmisstjóri og einnig verður kona kjörumdæmisstjóri, nú eru konur í umdæminu, 9% félaga. Hafa ber í huga í undirbúningi K-dags 2014 konur og börn .

Verið er að leita að húsnæði í stað Engjateigs 11 fyrir Umdæmið og eru tvær fasteignasölur, Eignamiðlunin og Landmark að leita eftir húsnæði.

Matarhlé.

tir matarhlé voru umræður um skýrslur, Guðmundur Ó Baldursson ritari Esju sagði skýrslurnar svo góðar og vel unnar að ekki væri hægt að finna neitt athugavert.

var komið að kynningu næstu svæðisstjórnar: Svæðisstjóri Hörður Mar Elliða kynnti sig, hefur hann gegnt ýmsum störfum innan klúbbsins, kjörsvæðisstjóri Bjarni Vésteinsson Þyrli kynnti sig og sagði frá sínum ferli innan hreyfingarinnar, hefur hann gegnt ýmsum embættum innan klúbbsins og einnig unnið ýmis störf innan hreyfingarinnar, ritari Bjarnar Kristjánsson Kötlu og meðstjórnandi Ragnar Eggertsson Elliða.

Önnur mál.

Ágúst Almy ritari Kötlu bað um orðið og afhenti svæðisstjóra áritaða Fundargerðabók sem umdæmið gaf Freyjusvæði á fyrstu Svæðistáðstefnunni 12.nóv.2011 .

Guðmundur Oddgeir forseti Heklu og formaður Hjálmanefndar sagði að hjálmarnir væru komnir landsins og yrðu afhentir í lok apríl, eru í geymslu hjá Eimskip sem mun sjá um að afgreiða þá til skólanna óskaði hann góðrar samvinnu eins og áður við klúbbana. Einnig minnti hann á sameiginlegan fund í Glersalnum þann 27.mars n.k. þar sem framkvæmdastjóri Hrafnistu Eimilanna verður með fyrirlestur, einnig kæmi Guðlaugur Kristjánsson Eldey með kynningu á is-golfinu.

Snjólfri svæðisstjóra fannst Eimskip vera að yfirtaka hjálmaverkefnið.

Guðmundur Oddgeir svaraði því og sagði að á sínum tíma hefði Kiwanis átt frumkvæði að þáþjónustu fatlaðra sem komin væri í hendur annarra og gengi vel því væri ekkert óeðlilegt að Eimskip tæki við hjálma verkefninu.

Gísli Kristjánsson Kötlu var sammála Oddgeiri með hjálmaverkefnið, einnig talaði hann um MNT verkefnið ,finnst við ekki vera að standa okkur aðeins einn brunnur væri kominn upp en hann er í Klóþavogi. Ennfremur finnst honum fjölgunar aðferðir ekki vera að skila sér of mikið rætt um það um okkur verður þegar við eldumst, vantar verkefni til að styrkja og vekja athygli á Kiwanis tími kominn að huga að yngra fólki.

Ólafur Sveinsson Kötlu sagði að sér hefði dottið í hug á meðan Gísli talaði hvort við ættum að styrkja Músiktilraunir ásamt Icelander, FÍH og Rás tvö þar gætum við komið nafni hreyfingarinnar á framfæri, en Ólafur hafði á föstudagskvöldinu sítíð í Austurbæ og hlustað m.a. á dótturson

sinn .Stefán fráfarandi forseti Þyrils hafði haft einhver kynni af Músiktilraunum, eins að fjölgunarmál væru endalaust til umræðu. Hjálma verkefnið krefðist mikillar og góðrar skipulagningar því altaf væru einhverjar breytingar á fjölda í skólunum.

gurður Guðmundsson forseti Bása er ekki ánægður með Hvítu bókina of mikið væri af villum í nni, einnig kvaðst hann ekki vera ánægður með sölu K-lykilsins, efast um þáttöku í næstu sölu, vantaði einnig meiri og betri upplýsingar af framkvæmd ís-golfsins.

lón Eiríksson Geysi sagði að Hvítbókin væri á ábyrgð klúbbanna , hægt væri að leiðrétta hana venær sem væri. Hann sagði enn fremur að auðvelt væri að fjölga í hreyfingunni um helming með því að bjóða eiginkonunum að ganga í klúbbana.

örn Ingi Rafnsson forseti Geysis sagðist eiga vísa aðstoð við ís-golfið, upplýsingar um það verða aðgengilegar á is-golf.is.

agnar Örn umdæmisstjóri svaraði fyrir hvítbókina og sagði að Konráð Konráðsson Eldey væri yngiliður vena gagnagrunns KI og sæi hann um uppfærslu, hvatti hann men til að lagfæra eftir þörfum. Í sumar eru 25 ár síðan konur fengu aðgang að Kiwanis og eru þær 35000 í Evrópu. arðandi MNT verkefnið er stefnt á kr.2000,00 pr. félagi á ári næstu þrjú ár. Hvatti hann klúbba að vera sterkari í veitingum viðurkenninga .

Hörður Mar kjörsvæðisstjóri minnti á stjórnarskipti í haust hvort búið væri að dagsetja og skipuleggja þau.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl.13:05.

